

Til nefndasviðs Alþingis  
Heilbrigðis og trygginganefnd  
Austurstræti 8-10 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1276*  
*komudagur 9. 3. 2004*

Reykjavík 9. mars 2004

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraða.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu er sagt í 2. mgr. að það taki mið af tillögum samráðshóps um málefni aldraða, sem skipaður var af ríkisstjórninni haustið 2002. Einnig vinnuhóps heilbrigðis og tryggingamálaráðherra frá maí 2003.

Vegna þessa er nauðsynlegt að rifja upp eftirfarandi atriði úr tillögum samráðshópsins frá haustinu 2002.

Þar segir m.a. í 5.lið tillagnanna “ Sjóðurinn fái að fullu álögð gjöld og geri samkomulag við rekstraraðila öldrunarstofnana um húsnæðisframlag sjóðsins.” Þarna er átt við Framkvæmdasjóð aldraða.

Eftir að tillögur starfshópsins haustið 2002 höfðu verið kynntar fyrir ríkisstjórninni, gaf hún hinn 19. nóvember 2002 út formlega yfirlýsingu þar sem segir m.a. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir að umræddar tillögur nái fram að ganga á næstu tveim til þrem árum, þ.e. frá nóvember 2002.

Það vekur því furðu að ekki er í frumvarpi þessu gerð tillaga um að 4.tölulið 9.greinar lagana sé breytt til samræmis við þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Að visu er sagt í athugasemdum með frumvarpinu að gert sé ráð fyrir að dregið verði úr fjárveitingum úr sjóðum til rekstrarútgjalda stofnana á árunum 2004 – 2008.

Það sést hins vegar hvergi tillaga um að lögfesta þetta og þó svo væri er að því mikið lengri aðdragandi skv. því sem segir í athugasemdum heldur en hvað á um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að koma tillögum nóvember starfshópsins 2002 í framkvæmd.

Að öðru leiti en því sem hér hefur verið bent á verður ekki annað séð en að tillögur þær sem í frumvarpinu felast séu til bóta. Að visu er sérkennilegt og órökstutt að fellt skuli út úr 4.gr. lagana að annar mannana sem skipaður sé án tilnefningar í samstarfsnefnd um málefni aldraða skuli hafa faglega þekkingu á málefnum aldraða. Það er hins vegar mikilvægt eins og þarna er gert að kynna tillögur um reglugerðir og fylgigögn strax um leið og lagabreyting er afgreidd.

Stjórn LEB hvetur því til að frumvarp þetta verði samþykkt með nauðsynlegri breytingu á 4.tölulið 9. greinar lagana, sem kveði skýrt á um niðurfellingu heimildar til þess að greiða rekstrarfé til stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraða.

Virðingarfyllst,  
F.h. Landsambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson